

Stofnanasamningur milli Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) og Sjúkrahússins á Akureyri (SAk)

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, dags 9. mars 2020.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna á Sjúkrahúsinu á Akureyri, hér eftir nefnt SAK, sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, dags. 9. mars 2020.

2. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi meginmarkmið stofnanasamningsins:

- Að efla samstarf sjúkraliða og starfsfólks SAK til að tryggja betur gæði heilbrigðisþjónustunnar.
- Að veita sjúkraliðum tækifæri til að þróast og efla sig í starfi og þar með auka möguleika á bættum kjörum.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og styðja sjúkraliða sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem spítalanum er ætlað að sinna.
- Að stuðla að skilvirku launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum SAK.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir sjúkraliða til áhrifa á framgang í starfi.
- Að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum.

3. Forsendur röðunar og framkvæmd

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkswið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

- Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, sbr. gr. 4 og 5.
- Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Tímabundnir þættir og umbun geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur álagspátta skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði sjúkraliða, sbr. grein 1.3 annars vegar og greinar 1.1.1,

1.2.1 og 1.2.2 hins vegar í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands, dags. 9. mars 2020.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum á SAK er raðað.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

4. Starfaflokkun og grunnröðun

Þegar rætt er um sjúkraliða í samningi þessum er átt við starfsmann sem hefur heimild til að kalla sig sjúkraliða og til að starfa sem sjúkraliði samkvæmt lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og reglugerð nr. 511/2013 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða og skilyrði til að hljóta starfsleyfi.

<u>Röðun starfa:</u>	<u>Lfl. Þr.</u>
Sjúkraliðanemi;	09 - 1
Sjúkraliði A; á fyrsta starfsári.	18 - 0
Sjúkraliði B; á öðru starfsári.	19 - 0
Sjúkraliði C; eftir tveggja ára starf.	20 - 0
Sjúkraliði D; eftir fimm ára starf.	20 - 1
Sjúkraliði E; eftir sjö ára starf.	21 - 1
Sjúkraliði F; eftir fimmtán ára starf	24 - 0
Sjúkraliði S, samkvæmt starfslýsingu	25 - 1

Við endurskoðun stofnanasamnings þessa lækkar engin í grunnröðun/launum (sólarlag).

5. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um röðun einstaklinga í launaflokka

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi.

A. Viðbótarmenntun – eldra nám.

- Sjúkraliði sem lokið hefur viðbótarmenntun sjúkraliða, einni önn á sérsviði, sem nýttist í viðkomandi starfi samkvæmt mati samstarfsnefndar hækkar um 1 launaþrep. Hafi hann lokið tveimur önnum á sérsviði hækkar hann um eitt launaþrep til viðbótar.
- Sjúkraliði sem lokið hefur eins árs sérnámi (t.d. í geð- eða öldrunarhjúkrun) hækkar um tvö launaþrep fái hann ekki stöðu.

B. Sjúkraliði sem lokið hefur fagnámi til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða hækkar um 2 launaþrep fái hann ekki stöðu.

C. Sjúkraliði sem lokið hefur símenntun og fengið námskeiðsstundir metnar af samstarfsnefnd SLFÍ og SAK (sbr. reglur matsnefndar) hækkar um;

- 1 launaþrep fyrir 60 námskeiðsstundir
- 1 launaþrep fyrir 120 námskeiðsstundir
- 1 launaþrep fyrir 180 námskeiðsstundir
- 1 launaþrep fyrir 240 námskeiðsstundir

- D. Sjúkraliðar sem náð hafa 60 ára aldri hækka um tvö launþrep.
- E. Sjúkraliði sem starfað hefur í 10 ár fær eitt launþrep.

Sjúkraliði sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónubundinna þátta ofan á grunnröðun í launaflokk sem er umfram 8. þrep færast í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan, að andvirði einnar þrepahækkunar.

6. Næturvinna

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi (þ.e. næturvakt sem unnin er á tímabilinu 23:00 til 08:30) skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi við viðkomandi starfsmann.

Næturvinna	50%	3 þrep
Næturvinna	60%	4 þrep

7. Starfsmannasamtöl

Árlega skulu fara fram starfsmannasamtöl. Það er m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni, starfslýsingu, skipulag, stjórnun, starfsþróun, símenntun og frammistöðu starfsmanns. Við mat á frammistöðu starfsmanns er gert ráð fyrir að farið verði eftir fyrirfram ákveðnu kerfi, m.a. er gert ráð fyrir upprifjun frá síðasta starfsmannasamtali, hafi það farið fram.

8. Réttur til endurmatís á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamningsins.

Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 01.09.2022 og er byggður á kjarasamningi milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, annarsvegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, dagsettur 9. mars 2020. Ásamt fylgiskjölum 1 og 2 er varða styttingu vinnuvikunnar.

Með gerð stofnanasamnings þessa eru aðilar ásáttir um þær mikilvægu breytingar sem í honum eru.

Samningur verður undirritaður rafrænt

Akureyri 30.03.2023

F.h. Sjúkrahússins á Akureyri

Erla Björnsdóttir
Þóra G. Þorsteinsdóttir
Sandra G. Harðardóttir

F.h. Sjúkraliðafélags Íslands

Sandra Bryndísardóttir Frank
Gunnar Örn Gunnarsson
Ágúst Ólafur Ágústsson
Anna Lilja Björnsdóttir
Guðrún Á. Ásmundsdóttir

Bókun 1

Vinnuhópur á vegum SAK og SLFÍ, sem skipaður er einum fulltrúa frá hvorum aðila hefur umsjón með og gerir tillögu um mat á námskeiðum og öðru námi sem nýtist í starfi sbr. gr. 4 í stofnanasamningi.

Bókun 2

Til að vinna gegn mönnunarvanda heilbrigðiskerfisins þarf að nýta getu sjúkraliða og menntun. Stjórnendur innan heilbrigðiskerfisins eru hvattir til að þróa nýjar starfsleiðir, ný tækifæri til starfsframa og fela sjúkraliðum aukna ábyrgð í samræmi við nýja námsleið á háskólastigi og síhækkandi menntunarstig sjúkraliða gegnum símenntun og viðbótarmenntun.

Bókun 3

Ferðatími starfsfólks í Kristnesi s.b.r. grein 5.4.3. í kjarasamningi

Greiða skal 15 mínútur vegna ferða starfsmanna í Kristnesi, þ.e. sjö og hálfu mínútu vegna hvorrar leiðar. Aðilar eru sammála um að þeir sjúkraliðar sem í dag njóta greiðslu samkvæmt eldri samningum haldi þeim kjörum.

Bókun 4

Í kjölfar undirritunar stofnanasamnings þessa skal yfirfara forsendur launaröðunar allra sjúkraliða á SAK og þeim endurreiða í samræmi við uppfærðan stofnanasamning. Þessi endurskoðun skal aldrei leiða til launalækkunar fyrir einstaka starfsmenn, né lækkunar á fyrri grunnröðun hafi hún verið betri/hærri.

Bókun 5

Aðilar eru sammála um að heimilt sé í vissum tilvikum að veita undanþágu frá skilyrðinu um starfsaldur í starfslýsingum. Forstöðumaður skilar inn skriflegri beiðni til samstarfsnefndar og skal sú beiðni vera ítarlega rökstudd. Skilyrði fyrir því að slík beiðni sé samþykkt af samstarfsnefnd er að sjúkraliði sinni öllum verkefnum þess starfs sem sótt er um flutning í. Horfa þarf til skilgreindra áráviðmiða í starfaflokkun í þessu samhengi.

Bókun 6

Sjúkraliðar með diplómapróf: Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að nýta aukna menntun sjúkraliða í ljósi nýrrar námsleiðar á háskólastigi. SAK mun í því samhengi vinna að og skoða nýjar starfsleiðir til að nýta hærra menntunarstig sjúkraliða. Stefnt er að því að þessari vinnu verði lokið fyrir 31. desember 2023.

Fylgiskjal 1 – starfaflokkun

Sjúkraliðanemi:

Sjúkraliðanemi í starfsþjálfun

Sjúkraliði A - Er á fyrsta starfsári. Byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar reynds fagaðila við störf sín og starfar sjálfstætt eftir því sem yfirmaður ákveður. Nýtir sérhæfða þekkingu sína og leikni í hjúkrun og heilbrigðisgreinum til að takast á við viðfangsefni starfsins. Sinnir almennum verkefnum í samræmi við starfslýsingu og skráningu í Sögukerfið. Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi við umönnun sjúklinga. Metur og miðlar þekkingu um daglega umönnun, hjúkrun og upplýsingum um framvindu til skjólstæðinga, aðstandenda og samstarfsfólks. Vinnur eftir gæðaviðmiðum og reglum um vinnuvernd, þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum.

Sjúkraliði B - Er á öðru starfsári. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins og þeirrar meðferðar sem veitt er á viðkomandi starfseiningu. Forgangsraðar verkefnum og greinir hvaða hjúkrunarmeðferðir eigi við hverju sinni í starfi. Beitir innsæi og gagnrýnni hugsun við lausn hjúkrunarviðfangsefna og getur rökstutt þær hjúkrunarmeðferðir sem hann fylgir samkvæmt hjúkrunaráætlun. Nýtir samskiptafærni sína við margvíslegar aðstæður og kemur á framfæri fagþekkingu sem við á hverju sinni. Í starfinu felst ábyrgð á flestum almennum verkefnum starfsgreinarinnar samkvæmt lögum og reglugerðum og ábyrgð á að unnið sé að markmiðum starfsins, starfseiningar og stofnunar. Leiðbeinir og aðstoðar við aðlögun nýrra sjúkraliða á deildinni eftir því sem við á.

Sjúkraliði C - Hefur reynt í fagi sínu og getur leyst af hendi öll verkefni án tilsagnar. Hann hefur starfað að lágmarki tvö ár í starfsgreininni. Í starfinu felst ábyrgð á öllum verkefnum fagsins/starfsgreinarinnar samkvæmt lögum og reglugerðum og að unnið sé að markmiðum starfsins, starfseiningar og stofnunar. Krafist er að starfsmaður sýni sjálfstæði í starfi og sé virkur í starfsþróun.

Sjúkraliði D - Hefur starfað í 5 ár í starfsgreininni. Hann hefur færni til að sinna af öryggi fjölbreyttum og fjölbreyttum verkefnum sem spanna alla þætti starfs hans og starfsemi starfseiningar. Þekking starfsmanns byggir á mikilli starfsreynslu og símenntun. Hann er hæfur til að takast á við óvænt og ófyrirséð tilvik sem krefjast skjótra viðbragða og lausna. Jafnframt er hann fær um að hafa umsjón með úrlausnum afmarkaðra verkefna og bera á þeim ábyrgð. Í starfinu felst ábyrgð á öllum verkefnum í faginu/starfsgreininni, samkvæmt lögum og reglugerðum, sérstökum verkefnum sem starfsmanni eru falin og ábyrgð á að unnið sé að markmiðum starfs, starfseiningar og í samræmi við skipurit stofnunar.

Sjúkraliði E - Hefur starfað í 7 ár í starfsgreininni. Hann hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar. Tekur þátt í hjúkrun, aðstoðar og leiðbeinir sjúklingum við athafnir daglegs lífs. Hefur eftirlit með og fyrirbyggir fylgikvilla rúmlegu, leiðbeinir og aðstoðar sjúklinga við endurhæfingu.

Sjúkraliði F - Hefur starfað í 15 ár í starfsgreininni. Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í hjúkrun.

Sjúkraliði S - Hefur tileinkað sér þekkingu á ákveðnu sérsviði. Skipuleggur og forgangsraðar störfum sínum í samráði við yfirmann. Starfar sem umsjónaraðili með ákveðnum verkefnum s.s. stýrir verkum annarra starfsmanna og sjúkraliða, skipuleggur kennslu og verkstýrir ákveðnum einingum. Viðheldur faglegri þekkingu sinni og tileinkar sér nýjungar sem stuðla að framþróun í starfi. Þekkir öryggismál stofnunarinnar og kann að bregðast við þegar hættu ber að höndum. Að öðru leyti gilda fyrri starfslýsingar.

Undirritunarsíða

Þóra Guðrún Þorsteinsdóttir

Erla Björnsdóttir

Sandra Guðrún Harðardóttir

Guðrún Ásdís Ásmundsdóttir

Anna Lilja Björnsdóttir

Sandra Bryndísardóttir Franks

Gunnar Örn Gunnarsson

Ágúst Ólafur Ágústsson